

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 14. júní 2021

Mál nr. E-884/2020:

Ingibjörg Ólafía Ólafsdóttir
(Hróbjartur Jónatansson lögmaður)

gegn

Nauthóli ehf.,

(Sigurður Sigurjónsson lögmaður)

Jóni Sigurði Ólafssyni

(Ingólfur Vignir Guðmundsson lögmaður)

og

TM hf.

(Hjörleifur B. Kvaran lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað 27. mars 2020 og dómtekið 20. maí 2021.

Stefnandi er Ingibjörg Ólafía Ólafsdóttir, kt. 000000-0000, [...], [...].

Stefndu eru Nauthóll ehf., kt. 000000-0000, og Jón Sigurður Ólafsson, kt. 000000-0000, [...], [...], og TM hf., kt. 000000-0000, [...], [...].

Stefnandi krefst þess annars vegar að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu Nauthóls ehf. og Jóns Sigurðar Ólafssonar á tjóni á fasteigninni að [...] í [...], fastanr. [...], vegna jarðvegsframkvæmda og fleygunarvinnu á fasteigninni að [...] í [...], fastanr. [...], á tímabilinu apríl 2016 til júlí 2016.

Hins vegar krefst stefnandi þess að viðurkenndur verði réttur stefnanda til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu stefndu Nauthóls ehf. og Jóns Sigurðar Ólafssonar hjá TM hf., vegna tjóns á fasteigninni að [...] í [...], fastanr. [...], vegna jarðvegsframkvæmda og fleygunarvinnu á fasteigninni að [...] í [...], fastanr. [...], á tímabilinu apríl 2016 til júlí 2016. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins í samræmi við framlagt málskostnaðaryfirlit að teknu tilliti til greiðslu virðisaukaskatts.

Stefndi Nauthóll ehf. krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi þess að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu, í samræmi við framlagt málskostnaðaryfirlit.

Stefndi Jón Sigurðsson krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi þess að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað auk virðisaukaskatts að skaðlausu, í samræmi við framlagt málskostnaðaryfirlit.

Stefndi TM hf. krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi þess að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Málsatvik og sönnunarfræsla:

Vorið 2016 fóru fram framkvæmdir við byggingu nýs húss að [...] eftir að eldra hús sem þar hafði staðið var rifið. Eigandi [...] og framkvæmdaraðili verksins var stefndi Jón Sigurður Ólafsson, sem jafnframt var byggingarstjóri þess mannvirkis sem til stóð að reisa á lóðinni. Stefndi Jón Sigurður fékk útgefna starfsábyrgðartryggingu hjá stefnda TM hf. þann 10. febrúar 2016. Stefndandi var eigandi fasteignarinnar að [...] í [...] þegar atvik málsins áttu sér stað, en húsið stendur við hlið [...].

Áður en kom að byggingu hússins við [...] þurfti að fleyga niður í klöpp, svo að koma mætti sökklí hússins í þá hæð sem samþykkt var á teikningum. Upplýst er að í stað þess að setja mannvirkid á „púða“, eins og ráð var fyrir gert á teikningum, þá var húsið grundað beint í klöppina, en með því móti þurfti ekki að fleyga eins mikið úr klöppinni og ella. Aðila greinir hins vegar á um hversu mikið var fleygað úr klöppinni. Af skýrslum og gögnum málsins verður ætlað að sú vinna hafi átt sér stað frá 4. maí 2016 og með hléum fram til 9. júní 2016. Vinnu við sökklí hússins lauk þá um sumarið.

Til þess að framkvæma framangreinda fleygun fékk stefndi Jón Sigurður til verksins verktaka með sérkunnáttu og nauðsynleg tæki. Í gögnum málsins er vísað til þess að samið hafi verið við GÓ verk ehf., en upplýst þykir að verkið hafi verið unnið af F, sem A veitir forstöðu.

Með afsali, dags. 5. desember 2016, seldi Jón Sigurður fasteignina [...] til stefnda Nauthóls ehf., og þann 13. nóvember 2018 var gefin út starfsábyrgðartrygging af hálfu TM til stefnda Nauthóls ehf., þar sem stefndi Jón Sigurður er byggingarstjóri mannvirkisins fyrir þeirra hönd.

Að beiðni B, maka núverandi eiganda hússins og föður stefnanda, fór fram ástandsskoðun á [...] þann 17. mars 2020. Í skýrslu, dags. 19. mars 2020, sem unnin var af C húsasmíðameistara og byggingarfræðingi, kemur fram að við sjónskoðun hafi hann

orðið var við sprungur. Væru sprungurnar óeðlilega miklar og hafi þær sennilega myndast vegna óeðlilegs álags vegna jarðhræringa.

Með bréfum lögmanns stefnanda til stefndu, dags. 24. september 2019, var krafist viðurkenningar á bótaskyldu. Í svarbréfi stefnda TM hf., dags. 2. október 2019, kom fram að gögn málsins fælu ekki í sér sönnun á neinu þeirra atriða sem þyrftu að vera fyrir hendi svo að greiðsluskylda skv. starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra kæmi til greina.

Undir rekstri málsins krafðist stefnandi þess að dómkvaddur yrði einn óvillhallur matsmaður til þess að meta hvort vinna við fleygun og aðrar jarðvegsframkvæmdir hefði valdið tjóni á fasteigninni á [...] í [...]. Af hálfu dómsins var skipaður sem matsmaður D byggingatæknifræðingur.

Í matsskýrslu D, dags. 8. janúar 2021, kemur fram að sprungur séu víða, allt sprungur sem algengar væru í steypum húsum, og verði því ekki komist að annarri niðurstöðu en að skemmdirnar væru eðlilegar miðað við aldur hússins, byggingarefni og burðarvirki. Hitt sé svo annað mál að hluti af þeim sprungum hafi myndast löngu eftir að steypa og múr í húsinu hafi rýrnað og plötur sigið og náð jafnvægi. Á því sé ekki eðlileg haldbær skýring önnur en að hreyfing hafi orðið á húsinu, titringur eða skjálfti, og þá á grunni hússins þegar klöpp hafi verið brotin í grunni húss nr. [...] og [...]. Titringur frá brotinu leiði beint í klöppina í undurstöðu húss nr. [...]. Metinn kostnaður, án tillits til endurgreiðslu á 100% virðisaukaskatti, sé 1.349.000 krónur.

Fyrir aðalmeðferð málsins var gengið á vettvang. Aðilaskýrslu gaf Jón Sigurður Ólafsson. Vitnaskýrslur gáfu D, byggingarfræðingur og matsmaður, A og E, starfsmenn F, og B, faðir stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnda Nauthóls ehf.:

Stefndi byggir á því að aðildarskortur sé í málinu. Það sé meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli verði að beina kröfum sínum að þeim, sem hugsanlega hafi valdið honum tjóni. Eins og geti um í málavöxtum hafi stefndi Jón Sigurður ráðið sjálfstæða verktaka, sem hafi mikla reynslu af slíkum verkum og búi yfir nauðsynlegum tækjakosti, til að framkvæma verkið. A, fyrirsvarsmaður þess félags sem sá um fleygunina, hafi upplýst að hann hafi haft gilda ábyrgðartryggingu vegna starfa sinna við [...] í [...]. Óumdeilt sé að stefndi Nauthóll ehf. hafi enga aðkomu átt að framangreindu

verki. Beri því að sýkna stefnda Nauthól ehf., en varnir byggðar á aðildarskortri leiði til sýknu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi bendir á að meint tjón hafi átt að eiga sér stað um vorið 2016. Eins og fram komi í gögnum málsins þá hafi einkahlutafélagið Nauthóll ekki verið stofnað fyrir en 20. júlí 2016. Allri vinnu við fleygun og sökkla hafi verið lokið áður en félagið var stofnað. Augljóst megi vera að stefndi Nauthóll ehf. geti ekki hafa átt neina aðild að því verki sem talið sé orsök tjónsins.

Stefndi bendir jafnframt á að félagið hafi ekki tekið til starfa fyrir en seint á árinu 2016, og hafi keypt fasteignina að [...] í [...] 5. desember 2016, og 13. nóvember 2018 hafi félagið keypt ábyrgðartryggingu byggingarstjóra vegna verksins. Þá hafi fallið niður ábyrgðartrygging meðstefnda Jóns Sigurðar. Ljóst sé að samkvæmt váttryggingarskilmálum gildi váttrygging Nauthóls ehf. ekki vegna meints tjóns fyrir þann tíma sem váttryggingin var tekin.

Stefndi telur fullljóst að aðkoma Nauthóls ehf. að jarðvegsframkvæmdum að [...] hafi engin verið. Jafnljóst sé því að algerlega hafi verið tilefnislaust að höfða mál gegn stefnda. Sé þess því krafist að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað með vísan til 1. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr., laga nr. 91/1991, og álag á málskostnað með vísan til a- og c-liða 131. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefnda Jóns Sigurðar Ólafssonar:

Stefndi bendir á að heimilt sé að reka viðurkenningarmál, sbr. heimild í 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Af dómaframkvæmd verði ekki annað ráðið en að sá sem höfðar viðurkenningarmál verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni og geri grein fyrir í hverju tjón hans felist, og hver tengsl þess séu við atvik máls.

Stefndi byggir á því að ósannað sé að fasteignin [...] hafi orðið fyrir nokkru tjóni vegna jarðvegsframkvæmda og fleygunarvinnu á fasteigninni [...] á tímabilinu apríl 2016 til júlí 2016, og mótmælir stefndi því að það sé sannað. Ekkert liggi fyrir um ástand hússins að [...] fyrir meint tjón, og framlagðri matsgerð sé hafnað af hálfu stefnda. Samkvæmt meginreglum skaðabótaréttar hvíli sú skylda á tjónþola að sýna fram á tjón og að því hafi verið valdið með sagnæmri og ólögumætri háttsemi. Stefndi byggir á því að stefnandi hafi enga sönnun fært fyrir því í málinu, að fleygunarvinna sé orsök fyrir tjóni á fasteigninni [...].

Stefndi hafnar því að sakarlíkindareglan geti átt við í málinu. Reglan sé ekki sjálfstæð regla í skaðabótarétti, heldur afbrigði af sakarreglunni. Ekki verði til hennar horft nema þegar um beina lagastoð sé að ræða, en því sé ekki til að dreifa hér.

Stefndi hafnar því að við sakarmat sé hægt að horfa til sérfræðiábyrgðar og sakarlíkindareglunnar hvaða stefnda varðar. Stefndi sé húsasmíðameistari með enga þekkingu á sviði fleygunar. Til þeirrar vinnu hafi hann ráðið verktaka með sérfræðiþekkingu á því sviði. Beri verktakinn einn ábyrgð á þeim hluta framkvæmda við [...] er lúti að jarðvegsframkvæmdum. Stefndi sé verkkaupi gagnvart verktakanum og beri enga ábyrgð á þeim jarðvegsframkvæmdum. A, fyrirvarmaður verktakans, sé sérfróður aðili og hafi á að skipa fagmönnum með starfsreynslu á því sviði og tækjakosti. Sérfræðiþekkingin sé hjá verktakanum, ekki hjá byggingarstjóranum.

Stefndi hafnar því að hann beri húsbóndaábyrgð gagnvart verktaka sem fenginn hafi verið til að sjá um framkvæmdir við fleygun. Sjónarmið um vinnuveitendaábyrgð komi því ekki til álita. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á að stefndi hafi sjálfur, eða starfsmaður hans, valdið hinu meinta tjóni.

Stefndi bendir á að það sé meginregla í skaðabótarétti að skaðaverk sem unnið sé af verktaka leiði ekki til skaðabótaábyrgðar verkkaupa. Stefndi sé byggingarstjóri sem beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verktakans við fleygunina. Beri því að sýkna stefnanda en varnir byggðar á aðildarskorti leiði til sýknu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi byggir á því að tómlæti sé í málinu. Krafa stefnanda um viðurkenningu á bótaskyldu sé sett fram í bréfi 24. september 2019, eða þremur og hálfu ári eftir að verkið var unnið. Almennar reglur kröfuréttar kveði á um að sá sem ætlar að gera kröfur um skaðabætur verði að tilkynna tjónvaldi innan sanngjarns frests, eftir að hann varð eða mátti verða tjónsins var, um eðli og umfang þess, og að hann ætli að leita réttar síns vegna tjónsins. Það að setja fram kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu þremur og hálfu ári eftir að meint tjón hafi átt sér stað leiðir til þess að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til bóta sökum tómlætis. Beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda.

Um tilvísun stefnanda til hlutlægrar ábyrgðar, þá sé engum lagarökum né rökstuðningi til að dreifa í málinu um þá ábyrgð. Verði ekki á henni byggt við úrlausn málsins.

Stefndi vísar til þess að komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að fleygun klapparinnar hafi verið á ábyrgð stefnda, verði stefnandi að sýna fram á að háttsemi

stefnda hafi valdið honum tjóni, sem rekja megi til gáleysis hans. Sakarreglan eða almenna skaðabótareglan sé meginregla um bótagrundvöllinn í íslenskum rétti. Það sé stefnanda að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og hvert tjón hans sé, og að tjónið verði rakið til sakar stefnda. Gögn málsins feli ekki í sér sönnun á neinu þeirra atriða sem þurfi að vera fyrir hendi, þ.e. hvorki um atvik, sök, umfang tjóns eða orsakatengsl.

Af hálfu stefnda er vísað til meginreglna skaðabótaréttarins og meginreglna kröfuréttar. Um málskostnað er vísað til 1. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr., laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda TM hf.:

Stefndi bendir á að stefnandi reki mál þetta sem viðurkenningarmál, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Áskilnaður ákvæðisins hafi í dómum Hæstaréttar verið skýrður á þann veg, að sá sem höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni og gera grein fyrir í hverju tjón hans felst og hver tengsl þess séu við atvik máls. Það sé meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli verður að sýna fram á og sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni, sem rekja megi til saknæmrar og ólögætrar hegðunar tjónvalds eða gáleysis af hans hálfu. Þá beri vinnuveitandi ábyrgð á tjóni sem starfsmenn hans kunna að hafa valdið með saknæmri og ólögætri háttsemi eða af gáleysi. Tjónþoli beri sönnunarbyrðina fyrir því að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi.

Í málsástæðukafla stefnunnar komi fram að stefnandi byggji dómkröfur sínar á meginreglum skaðabótaréttar um hlutlæga ábyrgð, sakarlíkindareglunni, sakarreglunni, reglum um vinnuveitendaábyrgð, ströngu mati á saknæmi og reglum skaðabótaréttar um sérfræðiábyrgð.

Stefndi TM hf. byggir sýknukröfur sínar á eftirfarandi málsástæðum:

Framsetning kröfugerðar. Annars vegar sé krafist viðurkenningar á skaðabótaskyldu meðstefndu Nauthóls ehf. og Jóns Sigurðar Ólafssonar, en hins vegar að viðurkenndur verði réttur stefnanda til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu meðstefndu Nauthóls ehf. og Jóns Sigurðar Ólafssonar hjá stefnda TM hf. Dómkröfur verða að vera það skýrar að þær megi taka upp í dómsorð.

Í seinni kröfugerðinni sé vísað til ábyrgðartrygginga meðstefndu Nauthóls ehf. og Jóns Sigurðar Ólafssonar hjá stefnda TM hf. vegna tjóns á fasteigninni [...]. Meðstefndi Nauthóll ehf. hafi t.d. frjálssa ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá

stefnda TM með gildistöku 13. nóvember 2018 og meðstefndi Jón Sigurður hafi t.d. ábyrgðartryggingu ökutækja hjá stefnda TM hf. Þar sem í dómkröfunni sé ekki tiltekið í hvaða ábyrgðartryggingu er verið að sækja sé dómkrafan ekki dómtæk. Ef dómkrafan yrði tekin til greina hefði stefnandi frjálst val í hvaða ábyrgðartryggingu hann sækti. Ekki sé nægilegt að vísa til ábyrgðartryggingar byggingarstjóra í málsástæðukafla. Að mati stefnda sé seinni kröfuliðurinn það óskýr að vísa beri honum frá dómi ex officio en að öðrum kosti ber að sýkna stefnda TM hf.

Stefndi byggir á því að aðildarskortur sé í málinu. Það sé meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli verði að beina kröfum sínum að þeim sem hugsanlega hefur valdið honum tjóni. Eins og fram komi í málavaxtalýsingu hafi meðstefndi Jón Sigurður ráðið sjálfstæðan verktaka til að annast fleygun klapparinnar. Til verksins var fenginn A, sem hafi mikla reynslu af slíkum verkum og búi yfir nauðsynlegum tækjakosti til að framkvæma verkið. Meðstefndi Jón Sigurður hafi í þessu tilviki verið verkkaupi, sem hafði ráðið til sín sérfræðing til að annast tiltekið verk. Gera verði ráð fyrir því að verktakinn hafi haft gilda ábyrgðartryggingu vegna starfa sinna við [...].

Það sé talin meginregla í skaðabótarétti að skaðaverk sem unnið sé af verktaka leiði ekki til skaðabótaábyrgðar vinnuveitanda/verkkaupa. Samkvæmt 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki beri byggingarstjóri ekki ábyrgð á faglegrri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verksamningi. Að þessu virtu beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda en varnir byggðar á aðildarskortu leiða til sýknu verði fallist á þær, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi byggir á tómlæti af hálfu stefnanda. Meint tjón vegna fleygunarvinnu eigi að hafa átt sér stað mánuðina apríl til júlí árið 2016. Það sé fyrst árið 2018, eða tveimur árum eftir hið meinta tjón, sem eigendur [...] spyrjast fyrir um tryggingar byggingarstjórans hjá stefnda TM. Stefndi TM hf. hafi hafnað kröfu fyrri eiganda [...] um skaðabætur úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra með tölvupósti 31. júlí 2018. Krafa um viðurkenningu á bótaskyldu sé sett fram með bréfi, dags. 24. september 2019 eða þremur og hálfu ári eftir að unnið var í grunni [...]. Reglur váttryggingarréttar og almennar reglur kröfuréttar kveði á um að sá sem ætlar að gera kröfur um skaðabætur verði að tilkynna tjónvaldi innan sanngjarns frests, eftir að hann varð eða mátti verða tjónsins var, um eðli og umfang þess og að hann ætli að leita réttar síns vegna tjónsins. Það að setja fram kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu þremur og hálfu ári eftir að meint

tjón átti sér stað leiðir til þess að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til bóta sökum tómlætis. Beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefndu.

Um aðild stefnda Nauthóls ehf. og samskipti Nauthóls ehf. og TM hf. sérstaklega, þá eigi hið meinta tjón að hafa átt sér stað mánuðina apríl til júlí árið 2016. Einkahlutafélagið Nauthóll hafi verið stofnað 20. júlí árið 2016 og sé dagsetning samþykka félagsins þann sama dag. Úttekt á grunni botnplötu [...] hafi farið fram 11. apríl 2016 og úttekt á lögnum innan sökkla 18. apríl 2016. Vinna við fleygun klappar hafi því verið lokið áður en meðstefndi Nauthóll ehf. var stofnaður.

Meðstefndi Jón Sigurður taki byggingarstjóratryggingu hjá stefnda TM í febrúar árið 2016. Þann 13. nóvember árið 2018 verði breyting á, þ.e. meðstefndi Nauthóll ehf. hafi orðið váttryggingartaki af byggingarstjóratryggingu vegna [...] og váttryggður byggingarstjóri. Meðstefndi Nauthóll geti því ekki borið ábyrgð á meintu tjóni stefnanda fyrir 20. júlí 2016 og með öllu ósannað að meðstefndi Nauthóll ehf. hafi komið að framkvæmdum að [...] á tímabilinu 20. – 31. júlí 2016. Þá hafi meðstefndi Nauthóll ehf. ekki verið með byggingarstjóratryggingu á þessu tímabili. Beri því að sýkna stefndu Nauthól ehf. og TM hf. af öllum kröfum stefnanda, sem lúta að þætti meðstefnda Nauthóls ehf., og ábyrgð stefnda TM hf. vegna Nauthóls ehf. og dæma þeim málskostnað.

Sérstök sjónarmið TM hf. um sýknu. Í stefnu sé ítrekað vísað til þess að meðstefndi Nauthóll ehf. og meðstefndi Jón Sigurður hafi brotið gegn ólögfestri meginreglu nábylisréttar um að fasteignareiganda beri að gæta þess við nýtingu og framkvæmdir á fasteign sinni að ekki verði tjón á nærliggjandi eign, og að „verkskylda hvíldi á stefndu Jóni Sigurði Ólafssyni og Nauthóli ehf. sem fasteignareiganda, byggingarstjóra og aðalverktaka. Eins og fram hafi komið séu meðstefndu Nauthóll ehf. og Jón Sigurður Ólafsson með ýmsar tryggingar hjá stefnda TM en engin þeirra tryggi þá sem fasteignareiganda. Um gildissvið ábyrgðartryggingar byggingarstjóra sé fjallað í 2. gr. skilmála 860, en þar segir m.a.: „Váttryggt er gegn bótaskyldu, er fellur á váttryggðan sem byggingarstjóra, þegar þriðji maður verður fyrir fjárhagstjóni, sem rakið verður til gáleysis í störfum byggingarstjóra, sbr. 29. gr. laga nr. 160/2010, enda hafi váttryggður undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á hlutaðeigandi mannvirki fyrir leyfisveitanda og tjónið falli undir þá ábyrgð að lögum.“

Ábyrgðartrygging byggingarstjóra taki því ekki til mögulegrar ábyrgðar váttryggðs sem fasteignareiganda eða aðalverktaka. Telur stefndi að sýnt hafi verið fram

á að kröfur stefnanda gegn meðstefnda Nauthóli ehf. geti aldrei komið til álita, enda félagið ekki stofnað þegar meint tjón á að hafa gerst. Stefndi TM hf. bendir auk þess á að skv. gr. 6.1 í váttryggingarskilmálum byggingarstjóratryggingarinnar segi: „Komi afleiðingar atvika, sem tjón hefur hlotist af og gerst hafa á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atvika, sem verða áður en váttryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum.“

Meðstefndi Nauthóll ehf. hafi orðið váttryggingartaki byggingarstjóratryggingar vegna [...] og váttryggður byggingarstjóri frá og með 13. nóvember 2018. Starfsábyrgðartrygging meðstefnda Nauthóls ehf., sem byggingarstjóra hjá stefnda TM hf., geti aldrei tekið til meints tjóns sem á að hafa gerst í apríl – júlí 2016.

Stefndi bendir á að hlutlæg ábyrgð stefndu samrýmist ekki íslenskum skaðabótarétti eða dómaframkvæmd. Í einstaka lögum megi finna sérákvæði um hlutlæga bótaábyrgð tjónvalds en með því sé átt við að skaðabótaábyrgð geti stofnast án þess að um eiginlega sök sé að ræða, sbr. t.d. 4. gr. laga um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019. Fyrr á árum hafi mátt finna hæstaréttardóma þar sem beitt hafi verið hlutlægrri bótaábyrgð. Eftir 1970 hafi íslenskir dómstólar ekki dæmt hlutlæga ábyrgð án þess að fyrir því væri bein stoð í settum lögum, ef frá séu talin tilvik er snerta skaðabótaábyrgð íslenska ríkisins vegna ákvarðana þar sem stjórnarskrárvarin réttindi hafa verið skert. Tilvísun stefnanda til hlutlægrar ábyrgðar sé auk þess með öllu órökstudd og verður ekki á henni byggt við úrlausn þessa dómsmáls.

Stefndi byggir á því að sakarlíkindareglunni verði ekki beitt um ábyrgð stefndu. Sakarlíkindareglan sé sú bótaregla nefnd þegar tjónvaldur, eða sá sem ábyrgð ber á honum, hefur sönnunarbyrði fyrir því að sú háttsemi sem olli tjóni hafi ekki verið saknæm. Þá sé sakarreglunni beitt með afbrigðilegum hætti og þá hvíli sönnunarbyrði um að málsatvik hafi verið með þeim hætti að tjóni hafi ekki verið valdið með saknæmum hætti. Sakarlíkindareglan sé lögfest í nokkrum lögum, sbr. t.d. 68. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Engin dæmi finnast um að dómstólar hafi beitt reglunni án beinnar lagaheimildar á síðustu árum.

Stefndi bendir á að af hálfu stefnanda sé því haldið fram að stefndu beri ábyrgð á meintu tjóni stefnanda og þar sem meðstefndi Jón Sigurður hafi fengið leyfi til að starfa sem byggingarstjóri og því hvíli á honum ströng sérfræðiábyrgð. Hafi verið sannað að sérfræðingur hafi gert mistök og líkur standi til að tjón stafi af þessum mistökum þá sé

sönnunarbyrðinni um afleiðingar tjóns og orsakatengsl snúið við að mati stefnanda. Hér reyni stefnandi aftur að beita sakarlíkindareglunni, sem íslenskir dómstólar beita ekki nema að fyrir liggi lagaheimild, sem ekki er til að dreifa í þessu tilviki.

Sérfræðiþekking getur leitt til strangara sakarmats og megi finna dæmi þess í íslenskri löggjöf, sbr. t.d. lög um sölu fasteigna og skipa nr. 70/2015 og lög um lögmenn nr. 77/1988. Meðstefndi Jón Sigurður sé lærður húsasmíðameistari og hafi öðlast réttindi til að starfa sem byggingarstjóri á grundvelli þeirrar menntunar. Hann hafi hins vegar ekki sérfræðiþekkingu á því hvernig fleyga eigi eða sprengja klöpp. Þegar í ljós hafi komið að lækka þurfti klöppina innan byggingarreits hafi valið staðið milli þess að nota sprengiefni eða bor. Síðari kosturinn hafi verið valinn, enda verið að vinna í þegar byggðu hverfi. Leitað hafi verið til verktakans A sem bjó yfir þekkingu og starfsreynslu við sambærileg störf og hafði yfir að ráða nauðsynlegum tækjakosti. Sérfræðiþekkingin var því hjá verktakanum en ekki byggingarstjóranum. Um hafi verið að ræða sjálfstæðan verktaka sem beri einn ábyrgð á framkvæmd verks síns og því tjóni sem af því kann að hljóttast.

Stefndi telur að komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að fleygun klapparinnar að [...] hafi verið á ábyrgð meðstefnda Jóns Sigurðar verði stefnandi að sýna fram á að háttsemi meðstefnda hafi valdið honum tjóni sem rekja megi til gáleysis í þessu tilviki. Sakarreglan eða almenna skaðabótareglan sé meginreglan um bótagrundvöllinn í íslenskum rétti. Reglan hafi verið skilgreind svo, að sá sem veldur öðrum tjóni með saknæmri og ólögumætri athöfn sinni eða athafnaleyfi skuli bæta það tjón sem telja verður sennilega afleiðingu af þessari athöfn hans eða athafnaleyfi.

Í 7. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 sé kveðið á um að hljóti eigandi eða annar þriðji maður tjón af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi beri hann skaðabótaábyrgð á því samkvæmt almennum reglum. Byggingarstjóri ber ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. Samsvarandi ákvæði séu í byggingarreglugerð nr. 112/2012, gr. 4.7.7, og reglugerð nr. 27/2014 um starfsábyrgðartryggingu hönnuða og byggingarstjóra.

Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins um sönnun sé það stefnanda, sem þess aðila sem krefst skaðabóta, að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og hvert tjón hans sé, og að tjónið verði rakið til sakar byggingarstjóra sem líkt og áður sagði er grundvöllur skaðabótaábyrgðar hans.

Gögn dómsmálsins feli ekki í sér sönnun á neinu þeirra atriða sem þurfi að vera fyrir hendi svo að greiðsluskylda sé til staðar úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra, þ.e. hvorki um atvik, sök, umfang tjóns eða orsakatengsl þar á milli. Ekkert liggi fyrir um ástand hússins að [...] fyrir meint tjón. Þar af leiðandi geti bótaskylda úr ábyrgðartryggingu byggingarstjóra ekki komið til greina. Sjónarmið um vinnuveitendaábyrgð koma ekki til álita. Ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmaður meðstefndu hafi valdið hinu meinta tjóni og meðstefndu teljast ekki vinnuveitendur sjálfstæðra verktaka. Með vísan til alls framangreinds ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Af hálfu stefnda TM hf. er vísað meginreglna skaðabótaréttarins og meginreglna kröfuréttar. Málskostnaðarkrafan er byggð á 130. gr., sbr. 129. gr., laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Forsendur og niðurstaða:

Stefndi Nauthóll ehf. eignaðist [...] í [...] í desember 2016, þegar húsið sem reis á lóðinni var í byggingu, og samkvæmt gögnum málsins var félagið stofnað 20. júlí 2016. Ljóst er því að stefndi Nauthóll ehf. kom ekkert að umþrætttri fleygun, sem hófst 4. maí 2016, og stóð með hléum til 9. júní 2016, né kom stefndi að vali á þeim verktaka sem um fleygunina sá.

Stefnandi byggir ábyrgð Nauthóls ehf. á því að félagið sé núverandi eigandi [...], og vísaði þar um til ákvæða 15. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki. Þá hafi Nauthóll fengið útgefna ábyrgðartryggingu sem byggingarstjóri, af stefnda TM hf., 13. nóvember 2018.

Í d-lið 4. mgr. 15. gr. laga nr. 160/2010 kemur fram að sé hús í byggingu selt áður en lokaúttekt fari fram, beri fyrri eigandi ábyrgð skv. 1. mgr. 15. gr., ásamt nýjum eiganda á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkisins sé farið eftir ákvæðum laganna og reglugerða þar um. Í athugasemdum að frumvarpi því er varð að 15. gr. laga nr. 160/2010 kemur fram að eigandi skuli hafa virkt innra eftirlit með því að þeir aðilar sem hann ræður til að hanna, byggja og reka mannvirki fari eftir ákvæðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Ákvæðið verður því ekki túlkað með þeim hætti að Nauthóll ehf., sem nýr eigandi hússins, geti borið ábyrgð á því að fyrri eigandi hafi ekki viðhaft virkt innra eftirlit með framkvæmdum við mannvirkið.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri, og skv. 1. mgr. 30. gr. laga nr. 160/2010 takmarkast ábyrgð nýs byggingarstjóra við verkþætti sem unnir eru af honum. Skal hann hafa í gildi ábyrgðartryggingu, sem gildir í a.m.k. fimm ár frá lokum þeirra framkvæmda sem hann stýrði, sbr. 8. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010. Þá kemur fram í lið 6.1 í skilmálum TM hf. með ábyrgðartryggingu byggingarstjóra, að félagið greiði ekki bætur fyrir tjón vegna atvika, sem verða áður en váttryggingartímabilið hefst, þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum.

Stefndi Nauthóll ehf. var ekki til sem lögaðili þegar fleygun klapparinnar fór fram og ábyrgð stefnda Nauthóls ehf. sem byggingarstjóri gat í fyrsta lagi hafist 13. nóvember 2018, eða rúmum tveimur árum eftir að umþrættri fleygun lauk. Því er ómögulegt að stefndi hafi viðhaft saknæma háttsemi þegar fleygun klapparinnar fór fram. Málsástæður sem byggjast á meintri sök Nauthóls ehf. og/eða ábyrgð á grundvelli sakarlíkindareglu og/eða vinnuveitendaábyrgðar stefnda um þann verktaka sem vann verkið, koma því ekki til frekari skoðunar. Þá er órökstutt hvernig hlutlæg ábyrgð geti komið til greina.

Ekki hefur verið sýnt fram á að stefndi Nauthóll ehf. geti sem síðari eigandi fasteignarinnar borið ábyrgð á umþrættri fleygun eða að hann geti borið ábyrgð sem byggingarstjóri. Verður stefndi Nauthóll ehf. því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Óumdeilt er að stefndi Jón Sigurður Ólafsson var eigandi [...] á þeim tíma er fleygun klapparinnar fór fram, og réð hann þann verktaka sem vann verkið, en jafnframt var stefndi á sama tíma byggingarstjóri þess mannvirkis sem reis á lóðinni.

Í framlagði matsgerð, og skýrslu matsmanns fyrir dómi, kemur fram að sprungur hafi líklega myndast eftir að málað var árið 2007, og væru þær nýjar í þeim skilningi. Matsmaður taldi líklegt að um sömu klöpp væri að ræða undir báðum húsum, án þess að það hefði verið sannreynt, og þá lægi ekkert fyrir um það hvernig klöppin hafi verið, sem gæti skipt miklu máli, enda leiði gljúp og sprungin klöpp minna en heil klöpp. Því verði ekki fullyrt hvort of stór og aflmikil tæki hafi verið notuð til verksins. Burðarvirki hússins hafi sennilega ekkert breyst, og ekki hafi orðið vart við leka, og ekki komi á óvart að sprungur hafi myndast í útveggjum sem séu ójárnbentir. Þá væri ólíklegt að álag af brotinu einu og sér hafi dugað til að brjóta steypu og múr hússins, en sprungur hafi aukist við brotið. Verði því ekki komist að annarri niðurstöðu en að skemmdir sem þessar séu eðlilegar miðað við aldur hússins, byggingarefni og gerð burðavirkis, en ekki væri önnur

haldbær skýring fyrir nýjum sprungum en að húsið hafi titrað þegar klöpp hafi verið brotin við [...] í [...]. Matsgerðinni hefur ekki verið hnekk.

Með vísan til framangreinds þykir leitt í ljós að um eðlilegar sprungur er að ræða í húsinu að [...], en sennilegt þykir að sprungurnar hafi opnast frekar við þá hreyfingu sem varð við fleygun klapparinnar, enda ekki við aðra mögulega orsök að styðjast, og séu orsakatengsl að því leyti til leidd að líkum.

Metinn kostnaður í matsgerð er að stærstum hluta kostnaður við inndælingu á þéttiefni til þess að fyrirbyggja leka en engin ummerki hafi þó fundist um leka. Því telur dómurinn ósannað að einhver þörf sé á inndælingu í sprungur. Annar kostnaður sem metinn er í matsgerð er að mati dómsins spartlvinna sem tilheyrir eðlilegu viðhaldi fasteigna. Er því ekki sannað að stefnandi hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni.

Um ábyrgð stefnda Jóns Sigurðar sem eiganda vísar stefnandi til mannvirkjalaga nr. 160/2010, einkum til 15. gr. laganna, en samkvæmt ákvæðinu ber eigandi ábyrgð á því að við hönnun, byggingu og rekstur mannvirkis sé farið að kröfum mannvirkjalaga og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra.

Ekki liggja fyrir gögn um það hversu mikil fleygun fór fram en upplýst er að mun minni fleygun átti sér stað en til stóð samkvæmt samþykktum teikningum, þar sem stefndi ákvað að grunda húsið beint í klöppina í stað þess að setja það á „púða“. Með engum hætti hefur verið sýnt fram á það að við hönnun eða byggingu mannvirkisins hafi verið brotið gegn ákvæðum mannvirkjalaga af hálfu stefnda, eða reglugerða þar um, þannig að ábyrgð Jóns Sigurðar sem eiganda fasteignarinnar komi til greina á grundvelli sakarreglunnar, og órókstutt er með hvaða hætti hlutlæg ábyrgð eiganda komi til greina.

Hvað varðar mögulega ábyrgð stefnda Jóns sem byggingarstjóri kemur fram í 7. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki, að byggingarstjóri beri ekki ábyrgð á faglegri framkvæmd verkþátta á ábyrgð einstakra iðnmeistara eða hönnuða né því að iðnmeistarar og aðrir sem að verkinu koma uppfylli skyldur sínar samkvæmt verk- eða kaupsamningi. Óumdeilt er að fleygunin fór fram af hálfu sjálfstæðs verktaka, sem stefndi réð til verksins, sem hefur borið fyrir dómi að hafa áratugareynslu af slíkum verkum, en þeim verktaka var ekki stefnt í málinu. Með vísan til nefnds ákvæðis getur stefndi ekki borið ábyrgð á því hvort faglega hafi verið að verki staðið við fleygun klapparinnar af hálfu verktakans eða um val hans á tækjum, auk þess sem ósannað er að of stórvirk tæki hafi verið notuð í verkið. Málsástæður byggðar á sakarlíkindareglu stefnda á faglegum verkum verktakans, eða reglum um vinnuveitendaábyrgð stefnda á

verkum sjálfstæðs verktaka, koma því ekki til frekari álitu. Þá er órökstutt hvernig hlutlæg ábyrgð stefnda sem byggingarstjóra geti komið til greina í málinu.

Um meinta sök stefnda sem byggingarstjóri að öðru leyti, þá kemur fram í fyrrnefndri 7. mgr. 29. gr. laga nr. 160/2010 að hljóti eigandi eða annar þriðji maður tjón af völdum gáleysis byggingarstjóra í starfi beri hann skaðabótaábyrgð á því samkvæmt almennum reglum. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi því er varð að mannvirkjalögum verður um sakarmat hans byggt á ströngum sérfræðimælikvarða.

Í skýrslum fyrir dómi kom fram að stefndi hafi komið á verkstað til eftirlits, en eins og fram er komið getur það eftirlit ekki tekið til faglegra þátta verktakans, og ekki hefur verið sýnt fram á að stefndi hafi fagþekkingu á sviði fleygunar. Hvað varðar aðkomu lögreglu vegna hávaða þá snýr sú kvörtun að verktakanum, einkum að því er virðist að fleygun hafi farið fram á lögboðnum frídegi, og á laugardagsmorgni. Ósannað er að stefndi hafi vitað af þeirri kvörtun eða að kvartað hafi verið beint til stefnda um mögulegt tjón meðan á verkinu stóð, og að hann hafi ekki viljað koma og skoða aðstæður. Stendur um það orð gegn orði en stefndi kveðst fyrst hafa heyrt af málinu og mögulegu tjóni í september 2019. Þá er ósannað að stefnda hafi borið samkvæmt gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra að skrá magn þess efnis sem var fleygað af hálfu verktakans, eða með hvaða hætti sú staðreynd að það var ekki gert hafi leitt til tjónsins. Að öðru leyti er að mati dómsins ekkert fram komið um að stefndi hafi sem byggingarstjóri verksins sýnt af sér saknæma háttsemi, sem leitt hafi til tjóns stefnanda.

Ekki hefur verið sýnt fram á að stefndi Jón Sigurður beri sem fyrrverandi eigandi fasteignarinnar ábyrgð á umþrættri fleygun eða að hann beri ábyrgð sem byggingarstjóri, og verður hann því sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Sýknun stefndu Nauthóls ehf. og Jóns Sigurðar, ætti að leiða sjálfkrafa til þess að sýkna beri stefnda TM hf.

Í kröfugerð stefnanda gegn stefnda TM hf., dómkrafa nr. 2 í stefnu, er þess krafist að viðurkenndur verði réttur stefnanda til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu stefndu Nauthóls ehf. og Jóns Sigurðar Ólafssonar hjá stefnda TM hf., án þess að getið sé hvaða ábyrgðartryggingu sé um að ræða. Stefndi TM hf. getur þess í sinni greinargerð að stefndu hafi í gildi ýmsar ábyrgðartryggingar hjá TM hf., og yrði fallist á dómkröfu stefnanda hefði stefnandi frjálst val í hvaða ábyrgðartryggingu hann sækti.

Orðalag kröfunnar má ekki vera á þá leið að dómur feli í sér viðurkenningu á víðtækari réttindum en stefnandi er að sækjast eftir, og þarf krafan því að vera mjög

ákveðin og ljós. Nákvæm tilgreining kröfu þarf því að koma fram í kröfugerðinni sjálfri, ekki nægir að hún komi fram annars staðar í stefnu.

Með vísan til framangreinds telst dómkrafa stefnanda nr. 2 í stefnu svo óskýr og vanreifuð að vísa verður henni sjálfkrafa frá dómi með vísan til d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Eftir niðurstöðu málsins og með vísan til 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað, sem hæfilegur þykir 620.000 krónur til hvers hinna stefndu að meðtöldum virðisaukaskatti. Ekki þykja forsendur til þess að ákvarða málskostnað með hliðsjón af ákvæðum 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari, sem dómsformaður kveður upp dóm þennan, ásamt meðdómsmönnum Ingimundi Einarssyni héraðsdómara og Ásmundi Ingvarssyni byggingarverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu Nauthóll ehf. og Jón Sigurður Ólafsson eru sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ingibjargar Ólafíu Ólafsdóttur.

Kröfu stefnanda í kröfulið nr. 2 í stefnu, um að viðurkenndur verði réttur hennar til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu stefndu Nauthóls ehf. og Jón Sigurðar Ólafssonar hjá TM hf., er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Stefnandi greiði hverjum hinna stefndu 620.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson
Ingimundur Einarsson
Ásmundur Ingvarsson

Rétt endurrit staðfestir:
Héraðsdómur Reykjaness, 14. júní 2021